

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**5. nóvember 2024**

**Breytingatillögur Flokks fólksins við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar  
2024 – FAS24010022**

**F-1 Breytingatillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um frystingu á gjöldum ákveðinna minnihlutahópa**

Flokks fólksins leggur til að frysta allar gjaldskrárhækkanir er varða vetrarstarf frístundaheimila og sértækrar félagsmiðstöðvar barna og eldri borgara sem og annarra minnihlutahópa um eitt ár. Einnig er lagt til að frysta allar gjaldskrárhækkanir fyrir sumarstarf frístundaheimila og sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva í alla vega eitt ár. Áður hefur verið minnst á Frístundakortið sem ekki er hægt að nota til að greiða sumarnámskeið eða styttri námskeið. Tekjulækkun vegna tillögunnar nema 38,1 m.kr. Tekjulækkunin verði fjármögnuð af kostnaðarstað 09205 ófyrirséð og fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækkaðar á móti.

## **F-2 Breytingatillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um gjöld í Árbæjarsafn**

Tillaga um að gjaldskrá Árbæjarsafns verði breytt, að gjald fyrir aðgang verði lækkað. Lagt er til að unglingar milli 17 og 18 ára fái frían aðgang að Árbæjarsafni eins og börn frá 0 til 17 ára. Lagt er til að nemendur með gilt skólaskírteini fái ókeypis aðgang en nú greiða þeir 1.200 kr. Lagt er til að hjón/pör sem heimsækja safnið með barn/börn greiði aðeins gjald fyrir annað foreldrið. Ef foreldrar koma með barn/börn er kostnaður 3.900 krónur og sé með þeim barn sem orðið er 18 ára greiðir fjölskyldan kr. 5.850. Þetta er há upphæð fyrir margar fjölskyldur sem geta þar af leiðandi ekki heimsótt safnið. Þess utan eru allar veitingar seldar á uppsprengdu verði. Tekjulækkun vegna tillögunnar nemur 5 m.kr. Tekjulækkunin verði fjármögnuð af kostnaðarstað 09205 ófyrirséð og fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækkaðar á móti.

### **Greinargerð**

Reykjavíkurborg skilgreinir sig sem menningarborg. Í raun má segja að Árbæjarsafn sé aðeins fyrir efnamikið fólk. Þessu þarf að breyta og leggur Flokkur fólksins því til að foreldrar sem koma með barn/börn sín greiði bara fyrir annað foreldrið og að frítt sé fyrir börn til 18 ára enda er einstaklingur skilgreindur sem barn til 18 ára. Það ætti að vera metnaður borgar meirihlutans og þeirra sem hafa umsjón með safninu að sem flestir komi þangað til að njóta húsakynna og umhverfis. Fegurð, saga staðarins og veitingar á viðráðanlegu verði, stuttir viðburðir og fleira í þeim dúr er eitthvað sem laðar að og gefur staðnum líf. Fulltrúi Flokks fólksins hvetur borgaryfirvöld að endurskoða gjaldskrána og samþykkja þessa tillögu sem kveður á um hóflegar breytingar, lækkun á aðgangskostnaði fyrir fjölskyldur sem heimsækja safnið.

### **F-3 Breytingatillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um hundagjöld**

Tillaga Flokks fólksins um að árlegt hundagjald lækki um 50% en það er nú 17.800 krónur og verði 8.900 krónur. Einnig er lagt til að handsömunargjald lækki um helming en það er nú 38.550 krónur og verði þess í stað 19.275 krónur. Athuga verður að það hafa ekki allir ráð á að greiða rúmar 30 þúsund krónur vegna þess að hundur þeirra hefur óvart sloppið og er handsamaður af Reykjavíkurborg. Tekjulækkun vegna tillögunnar nemur 16,5 m.kr. Tekjulækkunin verði fjármögnuð af kostnaðarstað 09205 ófyrirséð og fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækkaðar á móti.

#### **F-4 Breytingatillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts**

Breytingartillaga fulltrúa Flokks fólksins við tillögu um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2025. Lagt er til að viðmiðunartekjur tillögunnar verði eftirfarandi:

- I. Réttur til 100% lækkunar  
Einstaklingur með tekjur allt að 5.412.000 kr.  
Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 7.555.000 kr.
- II. Réttur til 80% lækkunar  
Einstaklingur með tekjur á bilinu 5.412.001 til 6.196.000 kr.  
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 7.555.001 til 8.370.000 kr.
- III. Réttur til 50% lækkunar  
Einstaklingur með tekjur á bilinu 6.196.001 til 7.202.000 kr.  
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 8.370.001 til 10.000.000 kr.

Kostnaðarauki vegna tillögunnar nemur 50 m.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205 ófyrirséð og fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði (ÖNN) verði hækkaðar á móti.

#### **Greinargerð**

Tillaga borgarstjóra vísar til hækkana á bótum almannatrygginga til samræmis við þróun réttinda almannatrygginga. Hins vegar er spurning hvort ekki sé tilefni til frekari hækkunar sérstaklega í ljósi þess að verðbólga yfirstandandi árs hefur ekki lækkað í samræmi við áætlanir þær sem lágu til grundvallar hækkun almannatrygginga síðustu áramót. Bætur almannatrygginga hækkuðu síðustu áramót um 0,6% vegna vanmats á verðbólgu í fjárlögum ársins 2021, og 4,9% vegna áætlaðrar verðbólgu. Þá ákvað ríkisstjórnin að hækka bætur almannatrygginga vegna örorku sérstaklega um 0,5% til þess að tryggja kaupmáttaraukningu. Auk þess hækkuðu bæturnar heilt yfir um 2,5% um mitt árið. Sé ekki litið til 0,6% hækkunarinnar hefur lífeyrir almannatrygginga aðeins hækkað um 8% vegna áætlana um þróun verðlags á yfirstandandi ári. Vísitala neysluverðs hefur þegar hækkað um 6% það sem af er ári og ekkert lát er á þeirri þróun. Að öllum líkindum verður vísitöluhækkun ársins nær 8,6%, sbr. nýjustu þjóðhagsspár Seðlabanka og Hagstofu. Réttast væri að hækka viðmiðin um vanreiknaða verðbólgu síðasta árs. Því ætti fjárhagsaðstoð að hækka fyrst, um 0,6 vegna vanreiknaðrar verðbólgu árið 2022 og svo um 8,6% samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands. Samanlagt er það hækkun um 9,25%.

**F-5 Álagningarhlutfall A-hluta fasteignaskattsálagningar verði 0,165% í stað 0,18%. Jafnframt leggur Flokkur Fólksins til að álagningarhlutfall í C-hluta verði 1,42% í stað 1,6%.**

Lagt er til að álagningarhlutfall A-hluta fasteignaskattsálagningar, þ.e. fasteignaskattur af íbúðahúsnæði, verði 0,165% í stað 0,18%. Jafnframt leggur Flokkur Fólksins til að álagningarhlutfall í C-hluta, þ.e. fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði, verði 1,42% í stað 1,6%. Tekjulækkun vegna tillögunnar nemur 2.784 m.kr. og er lagt til að hún færist til lækkunar á áætlað handbært fé.

	Álagning 2025 RVK prósentur	Fasteignamat 2025	Álagning	Kópavogsálagningarprósentur 0,165% á A flokk og 1,42% á C flokk	Mismunur
A flokkur	0,18%	4.541.392.212.222	8.174.505.982	7.493.297.150	681.208.832
C flokkur	1,60%	1.168.276.146.875	18.692.418.350	16.589.521.286	2.102.897.064
					2.784.105.896

**Greinargerð:**

Lagt er til að álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-hluta og C-hluta verði hið sama og í Kópavogi. Húsnæðisverð er hærra í Reykjavík en í Kópavogi. Á meðan Kópavogur (og fleiri sveitarfélög) lækkaði álagningarhlutfall fasteignaskatts þá hélt meirihluti borgarstjórnar álagningarhlutfalli fasteignaskatts óbreyttu. Það þýddi beina skattahækkun á íbúa Reykjavíkurborgar. Fyrirtæki eru farin að taka mið af hærri fasteignaskatti í Reykjavíkurborg en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Til lengri tíma litið þá getur sú aðferð meirihlutans að hækka stöðugt skattaálögur á íbúa og fyrirtæki í Reykjavík, til að mæta slæmri fjárhagsstöðu og óstjórn í fjármálum borgarinnar um árabíl, haft þær afleiðingar að skattstofn borgarinnar dragist saman og geri þannig stöðuna enn verri. Það er því nauðsynlegt að stöðva slíka þróun, miða skattaálögur við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og mæta slíkum aðgerðum með hagræðingu í rekstri.

## **F-6 Breytingartillaga Flokks fólksins við tillögur meirihlutans nr. 9 niðurfellingu á yfirfærslu fjárheimilda ársins 2023 til ársins 2024.**

Flokkur fólksins lýsir sig andvígán niðurfellingu á möguleikum til að flytja fjárheimildir milli ára. Lagt er til að heimilt verði að flytja 50% af ónýttri fjárheimild milli ára. Ef miðað er við stöðu sviða þá er kostnaðarauki vegna tillögunnar 127,5 m.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205 ófyrirséð og fjárheimildir viðeigandi sviða hækkaðar á móti.

### **Greinargerð:**

Það er hvati fyrir forstöðumenn stofnana að geta nýtt ávinning af hagræðingu í rekstri og útsjónarsemi við að reka viðkomandi stofnun, til að bæta aðstæður eða á annan hátt styrkja starfsemi hennar. Það er hvati fyrir forstöðumenn og aðra starfsmenn að stofnunin og starfsmenn hennar njóti þess, ef góður árangur næst með því að við auka hagkvæmni, bæta skilvirkni eða á annan hátt bæta rekstur hennar, með því að hvetja starfsfólk stofnunarinnar til að nýta styrk sinn og þekkingu í þeim tilgangi að bæta reksturinn. Sé enginn hvati til slíkra hluta þá verður stofnunin rekin með það eitt markmið í huga að fullnýta fjárheimildir, sama hvaða aðferðum er beitt í því sambandi, því litið verður á fjárheimild, sem ekki er fullnýtt, sem tapað fé.

